



LM 2024 – mótahald ehf.
Hestheimum 14-16
203 Kópavogur

Fjárlaganefnd Alþingis

Stefán Vagn Stefánsson, formaður
Njáll Trausti Friðbertsson, varaformaður

Alþingi
101 Reykjavík

Reykjavík 20. september 2023

Erindi: Ósk um styrkveitingu vegna uppbyggingar á landsmótssvæði í Víðidal í Reykjavík fyrir Landsmót hestamanna 2024.

LM2024 – mótahald ehf. sem er í eigu hestamannafélaganna Fáks í Reykjavík og Sprettis í Kópavogi og Garðabæ óska eftir styrkveitingu frá fjárlaganefnd vegna uppbyggingar á landsmótssvæði félaganna í Víðidal vegna Landsmóts hestamanna 2024. Félögin sem halda Landsmót hverju sinni bera alla fjárhagslega ábyrgð á mótinu og því lykilatriði að mótin gangi upp fjárhagslega.

Landsmót hestamanna 2024 verður tuttugasta og fimmta Landsmótið í röðinni frá upphafi eða frá því að Landsmót var fyrst haldið á Þingvöllum 1950. Mótið er einn stærsti íþróttaviðburður landsins og dregur að sér þátttakendur og áhorfendur alls staðar að af landinu og þá sækja einnig fjöldi erlendra gesta viðburðinn. Íðkendur í hestaíþróttum eru yfir 12.000 á landinu og eru hestaíþróttir fjórða stærsta sérsambandið innan ÍSÍ.

Að halda Landsmót fyrir 8-10.000 gesti krefst mikils undirbúnings og vinnu frá hestamannafélagunum sem oft hafa lítil fjárráð til að fara í dýrar framkvæmdir á til dæmis keppnisvöllum og aðstöðu fyrir áhorfendur. Því hafa þau félög sem haldið hafa mótið ávallt leitað stuðnings til ríkisvaldsins um að styðja við uppbyggingu og undirbúning Landsmóts.

Umsvif hestaíþróttarinnar í hagkerfinu eru umtalsverð og eru til dæmis starfræktir tveir háskólar með hestatengt nám, þúsundir hafa atvinnu af ræktun og þjálfun á hestum og af því eru fjöldi afleiddra starfa við þjónustu þeirra.

Landsmót eru einn af hornsteinum hestaíþróttarinnar og því mikið í húfi að viðburðurinn heppnist vel.

Til að standa undir þeim væntingum sem til Landsmóts eru gerðar óskar LM2024 – mótahald ehf. eftir stuðningi við mótið á fjárlögum 2024 að upphæð 20.000.000 kr.

Fyrir hönd LM 2024,

Hjörtur Bergstað
stjórnarformaður

Einar Gíslason,
framkvæmdastjóri